

## 5. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 7. nóvember 2018 kl. 20:00.

**Mætt eru:** Viktor S. Pálsson formaður, Dýrfinna Sigurjónsdóttir, Hjalti Þorvarðarson og Sigrún Hreiðarsdóttir ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

**Forföll boðaði:** Sverrir Einarsson.



### 1. Afreks- og styrktarsjóður Umf. Selfoss og Sveitarfélagsins Árborgar

Framkvæmdastjóra falið að auglýsa eftir umsóknum.

### 2. Íþróttafólk Umf. Selfoss

Lagt til að verðlaunahátíð verði í Tíbrá sunnudaginn 16. desember kl. 20:00.

Framkvæmdastjóra falið að kynna fyrir deildum og auglýsa eftir tilnefningum.

### 3. Fjármál deilda

Farið yfir fjármál deilda félagsins.

### 4. Uppbygging íþróttamannvirkja

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála á uppbyggingu íþróttamannvirkja á Selfossi. Vilji félagsins er að ganga frá viljayfirlýsingu við Sveitarfélagið Árborg í samræmi við þær tillögur sem hafa verið kynntar félaginu í haust.

### 5. Skipulag æfinga- og keppnisferða yngri iðkenda Umf. Selfoss erlendis

Framkvæmdastjórn samþykkir að frá og með ágúst 2019 verði unnið eftir samræmdu skipulagi allra deilda félagsins með það fyrir augum að hófs sé gætt í æfinga- og keppnisferðum iðkenda yngri en 16 ára til útlanda.

Formönnum deilda falið að kynna vel fyrir stjórnnum, ráðum og starfsfólki deilda.

### 6. Heimsókn DGI Østjylland

Framkvæmdastjóri kynnti drög að dagskrá heimsóknar DGI Østjylland á Selfoss dagana 21.-25. nóvember 2018.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:34.**

**Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**